

Stjórnarfundur Foreldrafélags Grunnskólans í Borgarnesi haldinn 7. 11. 2016 kl 20:15 í Grunnskólanum í Borgarnesi.

Mætt voru: Ingibjörg, Dagný, Silja, Ásta, Sigursteinn og Kristín H. Kristjánsdóttir, nýr stjórnarmeðlimur.

1. Fyrirlestur með Nönnu Kristínu Christiansen er bókaður 14. nóv. nk. kl 20:00 í Hjálmakletti. Foreldrafélög Grunnskólans í Borgarnesi og Grunnskóla Borgarfjarðar standa saman að fundinum. Send verður styrkumsókn til Borgarbyggðar til að dekkja kostnað við leigu á Hjálmakletti vegna fundarins. Foreldrafélögin greiða annan kostnað. Auglýsing verður send út 8. nóv. bæði í gegnum Mentor og á Facebook hópum og viðburður verður stofnaður á Facebook. Stjórn mun mæta í Hjálmaklett ekki seinna en 19:15.
2. Jólaföndur. Sigursteinn, fulltrúi stjórnar í jólaföndurnefnd, upplýsir um gang mála. Karen Svava Guðlaugsdóttir bauð sig fram í undirbúningsnefnd og er formaður nefndarinnar en með henni eru, auk Sigursteins, Geirlaug Jóhannesdóttir og Anna Helga Vigfúsdóttir. Undirbúningur á fullu og margar spennandi hugmyndir í farvatninu.
3. Ingibjörg tók að sér að fá geymsluplássi úthlutað í skólanum undir hluti í eigu foreldrafélagsins.
4. Jólatrésskemmtun. Hefð er fyrir aðkomu foreldrafélagsins, í samstarfi við foreldrafélög leikskólanna í Borgarnesi, að jólatrésskemmtun sem opin er öllum börnum í sveitarfélaginu. Venja hefur verið að halda skemmtunina í Hjálmakletti. Silja tók að sé að hafa samband við formenn félaganna í Klettaborg og Uglukletti til að hefja undirbúning en ákveða þarf dagsetningu sem fyrst. Dagný mun ræða við Öglur og Lions um styrki.

Önnur mál:

5. Sigurður Viktor sem kom nýr inn í stjórnina sl. vor sá sér ekki fært að vera með okkur en eftir nokkra leit að stjórnarmeðlim í hans stað gekk Kristín H. Kristjánsdóttir til liðs við okkur og er hún boðin velkomin til starfa.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 21:30.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir ritaði fundargerð í fjarveru Brynju Baldursdóttur